

Á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 8. Mars var tekin fyrir umsögn um breytingu á lögum um mannvirki.

Eftirfarandi var bókað:

1. Samband íslenskra sveitarfélaga: Breytingar á mannvirkjalögum, 4. mál.

Oddviti kynnti erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um breytingar á mannvirkjalögum, m.a. vegna fyrirhugaðra breytinga um faggildingu á yfirferð teikninga og úttekta. Sveitarstjórn tekur undir allar athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga og telur einsýnt að fresta eigi gildistöku þessara breytinga. Meta þarf þörfina og hvort hugmyndin um faggildingu sé framkvæmanleg. Þá þyrfti að framkvæma kostnaðarmat því augljóslega myndi byggingarkostnaður hækka verulega.

Þess er óskað að umsögn þessi verði send á umhverfis- og samgöngunefnd þingsins.

Kveðja

JGV

Jón G. Valgeirsson
sveitarstjóri

Reykjavík, 17.12.2017

Til: Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Númer og heiti þingmáls: Þingskjal nr. 4 Mannvirki (faggilding, frestur)

Inspectionem ehf. var stofnað haustið 2017 og er tilgangur félagsins að bjóða fram þjónustu faggiltrar skoðunarstofu í byggingariðnaði, rafmagnsöryggi og eldvörnum. Inspectionem ehf. hefur sótt um faggilding á rekstri skoðunarstofu til Einkaleyfastofu og starfsleyfi til Mannvirkjastofnunar.

Í 20. gr. laga um mannvirki kemur fram að heimilt er að ákveða að tilteknir þættir eftirlits séu í höndum skoðunarstofa. Í greinagerð með frumvarpi til mannvirkjalaga kom fram að tilgangurinn með því að færa yfirferð hönnunargagna og úttektir við framkvæmd til faggiltra skoðunarstofa væri m.a. að eigandi mannvirkis geti sjálfur valið þá stofu sem hann kys að skipta við og að heilbrigð samkeppni geti skapast milli skoðunarstofa. Sömu aðferðum er beitt t.d. við val á skoðun ökutækja og skipa. Þannig ákveður framkvæmdaaðili hverjir eru þjónustuaðilar og greiðir fyrir þann kostnað en með því fæst hagkvæmari framkvæmd, aukinn byggingarhraði og þar með lækkaður byggingarkostnaður. Framkvæmdaaðili velur hönnuði og eftirlitsaðila sem hafa starfsleyfi Mannvirkjastofnunar til starfans sem tryggir óhlutdrægni og fagleg vinnubrögð.

Fyrirtæki á markaði eru tilbúin að taka að sér þessa þjónustu en svör stjórnarsýslunnar sýna að hún virðist ekki vera tilbúin til að taka að sér afgreiðslu faggildingar vegna þessara verkefna sbr. meðfylgjandi gögn.

Samkvæmt yfirliti hjá Einkaleyfastofu hefur enginn byggingarfulltrúi vottun til að sinna þessu hlutverki, né heldur er á heimasíðu Mannvirkjastofnunar yfirlit yfir byggingarfulltrúa sem fengið hafa gæðakerfi sitt samþykkt en sú samþykkt átti að hafa legið fyrir frá 1.1.2015. Ólíklegt er að öll sveitarfélög afli sér faggildingar þar sem því fylgir umtalsverður kostnaður og vinna og því nauðsynlegt að þeim standi til boða þjónusta skoðunarstofa til að sinna sínu hlutverki.

Að mati Inspectionem ehf. er óþarft að fresta gildistöku ákvæðisins en nauðsynlegt að þrýsta á um að þessar breytingar eigi sér stað. Skoða mætti þá leið að Mannvirkjastofnun gefi út starfsleyfi til bráðabirgða til þeirra sem stofnunin samþykkir gæðakerfi hjá t.d. til eins árs, meðan Einkaleyfastofa er að koma upp sínum ferlum vegna faggildingar þessarar starfsemi. Þannig gætu fleiri aðilar boðið þessa þjónustu en byggingarfulltrúar og það myndi leiða til aukins byggingarhraða og hagkvæmari bygginga.

Inspectionem

Inspectionem ehf. leggur til að frumvarpinu verði breytt á þann hátt að gildistöku umrædds ákvæðis verði ekki frestað en í staðinn komi í 2. tl. í ákvæði til bráðabirgða í lögum um mannvirki heimild til Mannvirkjastofnunar til að gefa út starfsleyfi til bráðabirgða til eins árs til þeirra skoðunarstofa sem stofnunin samþykkir gæðakerfi hjá.

Forsvarsmenn Inspectionem ehf. eru tilbúnir að koma á fund Umhverfis- og samgöngunefndar sé þess óskað.

Virðingarfyllt,



Elísabet Pálmadóttir,
Framkvæmdastjóri
Inspectionem ehf.
Ármúla 8, 108 Reykjavík
<https://inspectionem.is>
s. 8245160

Fylgiskjöl:

1. Einkaleyfastofa upplýsingar vegna faggildingar og kostnaðar
2. Einkaleyfastofa svar við umsókn um faggildingu í byggingariðnaði
3. Einkaleyfastofa svar við umsókn um faggildingu í rafmagni
4. Umsókn um faggildingu til Einkaleyfastofu
5. Umsókn um starfsleyfi til Mannvirkjastofnunar



From: Elías M. Erlendsson
Sent: Tuesday, June 6, 2017 15:19
To: Knitting With Lisa
Subject: RE: Faggilding og kostnaður við faggildingu

Sæl Elísabet og takk fyrir póstinn.

Afsakaðu seinbúið svar en ég skal reyna að upplýsa þig eitthvað.

1, Hvaða kröfur eru gerðar til gæðakerfis faggiltrar skoðunarstofu ? (t.d. þarf faggilt skoðunarstofa að hafa vottað gæðakerfi eða er nóg að hafa gæðakerfi sem uppfyllir kröfur ISO 9001 án vottunar) ?

Faggiltar skoðunarstofur uppfylla kröfur ÍST ISO 17020:2012. Í kafla 8 eru kröfur til gæðakerfisins. Skoðunarstofan þarf ekki vottað gæðakerfi vegna starfsemi sinnar sem skoðunarstofa. Kafli 8 í ISO 17020 byggir að hluta til á kröfum ISO 9001 þannig að aðili sem uppfyllir 9001 er langt kominn með að uppfylla 8. kaflann.

2. Hvað kostar faggilding fyrir skoðunarstofu ?

Það er í augnablikinu verið að vinna að nýrri gjaldskrá fyrir þjónustu faggildingarsviðs. Gjöldin eru nokkur en í upphafi er greitt **umsóknargjald** um 530 þúsund kr., svo er **upphafsmat** sem er framkvæmt á tímagjaldi (ca 14.000 á tímann í 16 til 32 klst. fer eftir umfangi, svo bætist við kostnaður sérfræðings). Þegar skoðunarstofa er orðin faggilt er framkvæmd árlegt eftirlit með henni. Í dag er árlegt **eftirlitsgjald** um 400 þúsund krónur og svo leggst við kostnaður tæknilegs matsmanns eða sérfræðings sem getur verið mismunandi eftir hve mikinn tíma úttekt tekur.

3. Hvar er hægt að nálgast kröfur faggildingaraðila til skoðunarstofu og faggildingaráætlanir Einkaleyfastofu ?

Kröfurnar eru ISO 17020. Síðan eru það mismunandi tæknilegar kröfur sem viðkomandi starfsemi sem stofan starfar í, t.d. skoðunarstofur ökutækja uppfylla ISO 17020, reglugerð 8/2009 um skoðun ökutækja og skoðunarhandbækur Samgöngustofu.

4. Hversu langan tíma þarf Einkaleyfastofa til að gefa út faggildingu skoðunarstofu, eftir að öll gögn vegna faggildingarinnar hafa verið lögð fram ?

Þetta er mjög opin spurning en tíminn ræðst af hve vel skoðunarstofu hefur gengið að innleiða kröfur staðalsins og tíma faggildingarsviðs. Sjaldnast er það faggildingarsviðið sem tefur ferlið.

Vona að þetta svari einhverju.

kv. Elías

Kær kveðja / Best regards

Elías M. Erlendsson

Sviðsstjóri / Manager

Faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar

ISAC – Icelandic Board for Technical Accreditation

Netfang / e-mail: elias@isac.is

[Fyrirvari / Disclaimer](#)

From: Knitting With Lisa [<mailto:lisa.palmad@gmail.com>]

Sent: fimmtudagur, 1. júní 2017 11:47

To: Elías M. Erlendsson <eme@isac.is>

Subject: Faggilding og kostnaður við faggildingu

Sæll, ég hef verið að reyna að finna upplýsingar á heimasíðunni ykkar varðandi faggildingu skoðunarstofu og um kostnað við faggildingu skoðunarstofu, en ekki fundið þær á heimasíðunni hjá ykkur.

Getur þú sagt mér:

- 1, Hvaða kröfur eru gerðar til gæðakerfis faggiltrar skoðunarstofu ? (t.d. þarf faggilt skoðunarstofa að hafa vottað gæðakerfi eða er nóg að hafa gæðakerfi sem uppfyllir kröfur ISO 9001 án vottunar) ?
2. Hvað kostar faggilding fyrir skoðunarstofu ?
3. Hvar er hægt að nálgast kröfur faggildingaraðila til skoðunarstofu og faggildingaráætlanir Einkaleyfastofu ?
4. Hversu langan tíma þarf Einkaleyfastofa til að gefa út faggildingu skoðunarstofu, eftir að öll gögn vegna faggildingarinnar hafa verið lögð fram ?

Bestu kveðjur,
Elisabet Pálmadóttir

2

From: Elías M. Erlendsson
Sent: Monday, November 20, 2017 15:33
To: Inspectionem ehf.
Subject: Umsókn móttækin - Málsnúmer: 201711-10649

Sæl Elísabet

hér með er staðfest að faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar (ISAC) hefur móttækið umsóknina um faggildingu sem skoðunarstofa í byggingariðnaði sem nær til skoðana gæðastjórnunarkerfa hönnuða og hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara. Nánari upplýsingar um framvindu verða sendar síðar.

Sótt var einnig um faggildingu fyrir markaðseftirlit byggingarvara, en þá þjónustu hefur ISAC ekki boðið uppá. Einnig var sótt faggildingu fyrir yfirferð hönnunargagna og framkvæmd ýmissa úttekta. Þá faggildingu mun verða boðið uppá innan skamms en ekki alveg ljóst á þessu augnabliki hvenær nákvæmlega. Allavega verður hún ekki í boði árið 2017.

ISAC mun upplýsa ykkur þegar þjónustan verður í boði og hvenær hægt verður að taka móti umsóknum.

kv. Elías

Kær kveðja / Best regards
Elías M. Erlendsson
Sviðsstjóri / Manager
Faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar
ISAC – Icelandic Board for Technical Accreditation
Engjateigi 3, IS-105 Reykjavík
Sími / Tel.: (+354) 580 9400
Netfang / e-mail: elias@isac.is
[Fvrirvari / Disclaimer](#)

3

From: Elías M. Erlendsson
Sent: Monday, November 20, 2017 15:21
To: Inspectionem ehf.
Subject: Umsókn móttekin - Málsnúmer: 201711-10518

Sæl Elísabet,

hér með er staðfest að faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar (ISAC) hefur móttekið umsóknina um faggildingu sem skoðunarstofa raforkuvirkja.

Nánari upplýsingar um framvindu verða sendar síðar.

kv. Elías

Kær kveðja / Best regards

Elías M. Erlendsson

Sviðsstjóri / Manager

Faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar

ISAC – Icelandic Board for Technical Accreditation

Engjateigi 3, IS-105 Reykjavík

Sími / Tel.: (+354) 580 9400

Netfang / e-mail: elias@isac.is

[Fyrirvari / Disclaimer](#)

4



Einkaleyfastofan - faggildingarsvið

903.001.04 1 (2)

Umsókn um faggildingu

Skoðunarstofa skv staðlinum ÍST EN ISO/IEC 17020 Almennar reglur um starfsemi skoðunarstofa af ýmsum gerðum

Umsækjandi:

Fyrirtæki: Inspectionem ehf.
Aðsetur: Groðarveg 48
Bæjarfélag: Reykjavík
Heimasíða: inspectionem.is

Sími: 8245160 Bréfasími: Netfang: inspectionem@inspectionem.is
Tengiliður: Elisabet Pálmadóttir

Starfsemi fyrirtækisins:

Lögformleg staða:

- Hlutafélag Samvinnufélag Sameignarfélag
 Einkahlutafélag Einkafyrirtæki Annað _____

Kennitala: 521017-0820

Tæknistjóri: Gudmundur Gunnarsson

Menntun: VERKFRÆÐINGUR

Reynsla: Sjá viðauka II

Gæðastjóri: Elisabet Pálmadóttir

Menntun: VERKFRÆÐINGUR

Reynsla: Sjá viðauka III



Einkaleyfastofan - faggildingarsvið
Umsókn um faggildingu

903.001.04 2 (2)

Skoðunarstofa skv staðlinum ÍST EN ISO/IEC 17020 Almennar reglur um starfsemi skoðunarstofa af ýmsum gerðum

Umfang faggildingar:

Skoðunarsvið

(t.d. vöruhönnun, vara (efni eða búnaður), uppsetning, verksmiðja, vinnsluferli, þjónusta)

Mannvirki

Byggingarvörur

Gæðakortli hönnuð -
og iðnmeistarar
Rafni og sörnggi

Tegund og umfang

(t.d. skoðun á búnaði í notkun eða skoðun á nýrri vöru)

Yfir fund hönnunarskipa
afanga úttektir
öryggis úttektir
loka úttektir
úttekt við lok niðurnifs mannvirkis
Markaðs sektir Lit

viðstaða og bínaður rafurtekta
öryggis stjórnumerkerki
rafurtekta og rafurkerki á markaði

Aðferðir og verklag

(t.d. ESB tilskipanir, reglugerðir, staðlar, innra verklag)

skoðunar handbaki
og fyrirmali MVS.

-11-
-11-
-11-
-11-
-11-

-11-
-11-
-11-

Undirrituðum forstöðumanni skoðunarstofunnar er kunnugt um á hvern hátt faggildingarkerfið starfar. Skoðunarstofan samþykkir að fara eftir verklagsreglum um faggildingu, sérstaklega að taka á móti matsmönnum og greiða gjöld sem lögð verða á skoðunarstofuna hver svo sem niðurstaða matsins verður, og að samþykkja gjöld fyrir eftirlit með faggiltri skoðunarstofunni. Skoðunarstofan samþykkir að fara stöðugt eftir gildandi kröfum um faggildingu.

Eisabet Þrúadóttir

16. 11. 2017

Undirskrift

Dagsetning

EISAABET PÁLMAÐÓTTIR

Nafn með prentstöfum

FRANKVÆMÐASTJÓRI

Staða

Viðaukar:

- 1 Gæðahandbók
- 2 Spurningalisti
- 3 Viðauki I, Vottorð in fyrirtækjaská
- 4 Viðauki II, Starfsferilskrá tæknistjóra

5 Viðauki III, Starfsferilskrá gæðastjóra
6 Viðauki IV, Starfslýsingar

7 Viðauki V

NOTENDANAFN: ~~XXXXXXXXXX~~
LYKLORÐ: ~~XXXXXXXXXX~~

Karli B. er ÍST 17020 með tilvisunum til gæðahandbóku

Mannvirkjastofnun
Skúlagötu 21
101 Reykjavík

Reykjavík, 29.11.2017

Umsókn um starfsleyfi skoðunarstofu samkvæmt lögum 160/2012, samkvæmt reglugerð 678/2009 og um staðfestingu á að kröfur reglugerðar 723/2017 til skoðunarstofu séu uppfylltar.

Inspectionem ehf. sækir hér með um starfsleyfi Mannvirkjastofnunar til reksturs skoðunarstofu á mannvirkjasviði samkvæmt lögum 160/2012 og til reksturs skoðunarstofa á rafmagnssviði, samkvæmt reglugerð 678/2009.

Sótt er um starfsleyfi Mannvirkjastofnunar vegna eftirfarandi starfssviða:

- Yfirferð hönnunargagna.
- Eftirlit með framkvæmdum.
 - Áfangaúttektir.
 - Öryggisúttektir.
 - Lokaúttektir.
 - Úttekt við lok niðurrifs mannvirkis
- Markaðseftirlit með byggingarvörum.
- Yfirferð gæðastjórnunarkerfa hönnuða og iðnmeistara.
- Eftirlit með rafmagnsöryggi.
 - Að skoða öryggisstjórnunarkerfi rafveitna og framkvæmd öryggisstjórnunar.
 - Að skoða öryggisstjórnunarkerfi rafverktaka og framkvæmd öryggisstjórnunar.
 - Skoðun á aðstöðu og búnaði rafverktaka.
 - Að skoða rafföng á markaði.


Inspectionem ehf. hefur sótt um að Einkaleyfastofa faggildi skoðunarstofuna á sömu starfssviðum, sjá meðfylgjandi staðfestingu Einkaleyfastofu á móttöku umsókna vegna þessara þátta í viðauka I.

Inspectionem ehf. býður jafnframt þjónustu skoðunarstofu við eldvarnaeftirlit, og óskar eftir staðfestingu Mannvirkjastofnunar á að gæðastjórnunarkerfi skoðunarstofunnar séu í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar eins og kveðið er á um í reglugerð 723/2017.

Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofunnar er Guðmundur Gunnarsson, sem uppfyllir kröfur laga nr. 160/2012 til skoðunarmanns III. Guðmundur Gunnarsson hefur fengið gæðastjórnunarkerfi sitt samþykkt og skráð í gagnasafn Mannvirkjastofnunar. Elísabet Pálmadóttir, gæðastjóri Inspectionem ehf. hefur starfað við ráðgjöf við uppsetningu og uppbyggingu fjölda stjórnunarkerfa sem ráðgjafi og í framhaldi af uppsetningu og þróun kerfanna tekið þátt í rekstri slíkra kerfa, þ. á m. innri gæðaúttektum, sjá meðfylgjandi yfirlit yfir starfsferla starfsmanna Inspectionem ehf í viðauka II. Guðmundur og Elísabet hafa starfað að og tekið þátt í uppbyggingu og þróun gæðastjórnunarkerfis hjá Mannvirkjastofnun frá því að stofnunin hóf starfsemi sína árið 2010 auk þess að hafa sett upp kröfur vegna gæðastjórnunarkerfa þjónustuaðila brunavarna og stýrt eftirliti með þeim gæðastjórnunarkerfum frá árinu 2011-2017.

Starfsmenn Inspectionem ehf. munu allir hafa lokið a.m.k. þriggja ára háskólanámi. Til að uppfylla lágmarkskröfur um kunnáttu munu allir sem ráðnir eru sem starfsmenn eða verktakar hjá Inspectionem ehf. hafa fengið þjálfun til þess hlutverks sem þeim er ætlað að sinna í samræmi við kröfur til skoðunarmanna samkvæmt lögum nr. 160/2010 um mannvirki, lögum nr. 75/2000 um brunamál og lögum nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Inspectionem ehf.



Elísabet Pálmadóttir,
framkvæmdastjóri

18. desember 2017

Ofangreint þingmál er til umfjöllunar á fundi umhverfis- og samgöngunefndar í dag og óskar sambandið eftir því að koma á framfæri eftirfarandi athugasemd.

Samband íslenskra sveitarfélaga vill láta í ljós eindreginn stuðning við að frumvarpið verði að lögum. Í frumvarpinu er lagt til að Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúar fái rýmri frest til að afla sér faggildingar í samræmi við ákvæði 19. gr. laga um mannvirki. Eins og fram kemur í skýringum við frumvarpið er með þessu komið til móts við athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags byggingarfulltrúa sem hafa lagt áherslu á að embættum byggingarfulltrúa verði veittur rýmri frestur til þess að afla sér faggildingar en gefinn er í núgildandi lögum. Það er gert í ljósi þess að undirbúningur embætta byggingarfulltrúa til að afla sér faggildingar er skammt á veg kominn þótt ákvæði þar um hafi verið í lögum frá gildistöku laga nr. 160/2010 1. janúar 2011.

Rétt þykir að taka fram að sambandið hafði væntingar um að frumvarp þessa efnis yrði afgreitt á vorþingi 2017 og hefur það valdið sveitarfélögunum töluverðri óvissu og óþægindum að frumvarpið kemur svo seint fram. Í skýringum við frumvarpið kemur fram að ekki er til að dreifa fyrirtækjum á markaði sem hafa fullnægt kröfum laganna til þess að annast verkefni sem krefjast faggildingar. Verði ekki brugðist við með framlengingu tímafrests má gera ráð fyrir að skortur verði á lögbærum aðilum til að annast verkefni sem krefjast faggildingar frá og með 1. janúar 2018. Afleiðingar þess gætu orðið mjög alvarlegar hvað varðar byggingarframkvæmdir og stjórnslu byggingarmála.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,
Guðjón Bragason



Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs
Beint innval: 515 4917
Netfang: gudjon.bragason@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is
